



627. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

föstudaginn 26. september 2025, kl. 12:45

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sandra Sigurðardóttir varaformaður, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Eyrún Fríða Árnadóttir sem sat fundinn fyrir Gauta Árnason og Helga Jóhanna Harðardóttir. Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

1. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Stjórn barst erindi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um að málefni HES verði sett á dagskrá ársþings SASS enda hafa þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á Heilbrigðiseftirlitum landsins mikil áhrif á sveitarfélögin. Stjórn leggur áherslu á að sú nefnd sem fjallar um málefni HES á ársþingi muni koma sjónarmiðum sveitarfélaganna vel á framfæri fyrri dag ársþingsins. Seinni dag þingsins er ráðgert að aðalfundur HES verði haldinn og leggur stjórn til að veittur verði rúmur tími til þess að ræða málefni þess.

Stjórn ítrekar jafnframt ályktun ársfundar SASS frá 2024 um að vinna þurfi málið betur af hálfu ríkisins, en sú ítrekun var send inn í samráðgátt 19. September 2025.

2. Atvinnustefna Íslands

Framkvæmdastjórn landshlutanna áttu fund með verkefnastjóra verkefnis um Atvinnustefnu fyrir Ísland þann 12. September sl. Í framhaldi af honum fengu landshlutarnir tækifæri til þess að koma á framfæri áherslum síns landshluta svo hægt væri að taka tillit til þess við mótun stefnunnar. Framkvæmdastjóra falið að safna saman gögnum og koma áfram fyrir tilsettan tíma.

3. Dagskrá Ársþings 2025

Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá ársþings og sköpuðust góðar umræður. Framkvæmdastjóra falið að útfæra umræddar hugmyndir og í framhaldi verður dagskrá send út á þátttakendur þingsins þann 8. október nk. ásamt öðrum fundargögnum.

Umræður sköpuðust um eftirfylgni við ársþing og þær ályktanir sem þar eru jafnan samþykktar. Stjórn leggur til að mótað verði betur það verklag sem hafa á um eftirfylgni við niðurstöður ársþings, hvort sem um er að ræða ályktanir þess eða áhersluverkefni. Slíkt muni skýra bæði áherslur og stefnu svæðisins og ramma inn vinnu samtakanna.



4. Önnur mál

Fyrir liggur í samráðsgátt mál: S-180/2025: Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og er opið fyrir umsagnir til 13. október nk. Landshlutasamtökin eru að skoða sameiginlega umsögn um þann þátt er snýr að landshlutasamtökum en stjórn skorar jafnframt á sveitarfélögin á Suðurlandi að skoða þær breytingar sem þarna eru lagðar til og senda inn umsagnir ef þau vilja hafa áhrif á málið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:00

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri þann 22. október 2025